

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

Þingskjal 466 - 390. mál.
Reykjavík, 1. des. 2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum (deildir í veiðifélögum).

Umsögn um frumvarpið

Inngangur:

Upphaf aðkomu minnar að veiðimálum má rekja til ársins 2008, þegar ég mætti á vegum veiðiréttarhafa við Tungufljót í Árnessýslu, á undirbúningsfund að stofnun veiðideildar innan Veiðifélags Árnesinga.

Árið 2009 er haldinn stofnfundur Tungufljótsdeildar. Stofnun deildarinnar er kærð til Fiskistofu sem úrskurðar í ársbyrjun 2010 að deildin teljist formlega stofnuð.

Í ágúst 2010 sendi ég ábendingu til Neytendastofu og Talsmanns neytenda um ólögmæta sölu veiðileyfa í Tungufljóti, sem átt hafði sér stað allt frá árinu 2003 án heimildar viðkomandi landeigenda.

Engin viðbrögð voru við þessu erindi.

Í desember 2010 rakst ég á litla frétt um að tveir landeigendur við Tungufljót hefðu verið ákærðir af Lögreglustjóranum á Selfossi fyrir veiðar í heimildarleysi fyrir eigin landi.

Eftir það hafði ég samband við viðkomandi landeigendur og lét þeim í té upplýsingar um hvað ég hefði aðhafst í málinu.

Í framhaldinu hófst ég handa við að afla mér upplýsinga, lesa lög um lax- og silungsveiði og aðstoða þau við málaferlin. Þá komst ég að því að engar upplýsingar um deildir í veiðifélögum var að finna á vefnum.

Ég áttaði mig fljótt á því að stofnun Tungufljótsdeildar var engan veginn lögum samkvæmt.

Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga í lok apríl 2011 kvaddi ég mér hljóðs og fór ítarlega yfir lög og reglur er varðar deildir í veiðifélögum og benti á að það væri ekki til neitt í lögum sem hétu „stofnun deildar“

Stuttu síðar, eða þann 10. júní 2011 eru landeigendur sakfelldir í Héraðsdómi Suðurlands fyrir veiðipjófnað „fyrir eigin landi“.

Jafnframt eru þeir með dómnum sviptir veiðirétti til 10 ára. Það er gert án nokkurra bóta, þrátt fyrir 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar, en ef til vill hefur dómnum ekki verið kunnugt um að Veiðifélag Árnesinga hefur aldrei greitt út arð samkvæmt arðskrá, eins og lög gera ráð fyrir.

Sama réttindasvipting gildir um aðra jarðeigendur á svæðinu.

Til að bæta gráu ofan á svart hafa umræddir landeigendur verið reknir úr öðru veiðifélagi á sama vatnasvæði þar sem þeir eiga einnig veiðirétt. Þetta er með fullu samþykki Fiskistofu.

Í kjölfar þessa hef ég farið á fund Fiskistofu og rætt við lögfræðing þann sem sá um úrskurðinn um stofnun Tungufljótsdeildar, átt fund með Lagastofnun Háskólans (Stefáni Má Stefánssyni og Eyvindi Gunnarssyni) og í kjölfarið beðið þá um álitagerð um deildir í veiðifélögum, sem þeir eftir viku umhugsun, sáu sér ekki fært að gera.

Síðan mætti ég, fyrir hönd veiðiréttarhafa, á fund 4. nóvember 2011 með arðskrárnefnd, þar sem gera átti sérstaka arðskrá fyrir Tungufljótsdeild. Þar fékk ég stuttan fund með nefndinni þar sem ég útskýrði fyrir þeim hvers vegna þeir gætu ekki gert slíka arðskrá. Þeir áttuðu sig fljótt á því.

Þetta virðist hafa orðið til þess að ráðherra landbúnaðarmála skipaði sérstakan starfshóp til að fara yfir þessi mál um miðjan nóvember 2011.

Þann 6. mars 2012 sendi ég sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu gögn sem lýsa helstu málavöxtum í þessu mjög svo sérstaka máli og ýmsum afar skrytnum hliðum þess.

Ég hef safnað um 500 skjölum varðandi þessi mál, sem öll eru komin á rafrænt form. Þau eru komin í hendur reynds lögmanns sem hefur unnið við það í nokkrar vikur fyrir hönd hinna sakfelldu „veiðipjófa“, að undirbúa málaferli á hendur fjölmörgum aðilum, bæði einstaklingum og stofnunum.

Almennt:

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram það álit starfshópsins sem falið var að semja frumvarpið að ákvæði 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem hefur að geyma heimild til að stofna deildir í veiðifélögum, væri svo óljóst að ekki væri unnt að byggja á því ný og ítarlegri ákvæði í reglugerð um starfsemi deilda í veiðifélögum.

Hér er talað um heimild til að „stofna“ deildir. Hið rétta er að það er engin heimild í lax- og silungsveiðilögum til að „stofna“ deildir, og hefur aldrei verið. Þetta er einhver lífseigur tilbúningur sem á sér enga stoð og er greinilega enn að þvælast fyrir höfundum frumvarpsins, því þetta hugtak skýtur upp kollinum í 5. lið 4. mgr. 2. gr.

Hið rétta er að sjálfsögðu að um deildarskiptingu veiðifélags er að ræða, en ekki stofnun einstakra deilda innan þess.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til núgildandi laga nr. 61/2006 var þetta orðað svona: „Samkvæmt 4. mgr. er heimilt að **deildarskipta** starfsemi veiðifélags, en sambærilega reglu er að finna í 4. mgr. 49. gr. gildandi laga.“

Umrædd 4. málsgrein í 39. gr. laganna hljóðar svo:

"Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur."

Í reglugerð nr. 1024/2006, þar sem er að finna fyrirmynd að samþykktum veiðifélags, stendur eftirfarandi í 3. gr.:

"[Félagið starfar í eftirfarandi deildum, sem allar ráðstafa veiði á sínu félagssvæði með þeim skilyrðum, sem samþykkt eru á félagsfundum: ...]"

Hér er augljóslega gert ráð fyrir að deildir veiðifélagsins séu taldar upp í samþykktum þess. Þetta vafðist greinilega ekki fyrir þeim sem settu reglugerðina að skilja þetta, enda ekkert óljóst eins og starfshópurinn heldur fram.

Í athugasemdunum við lagafrumvarpið er því haldið fram að óljós ákvæði gildandi laga um starfsemi deilda hafi leitt til ágreinings innan veiðifélaga og réttaróvissu við framkvæmd laganna.

Ágreiningurinn og réttaróvissan varðandi starfsemi deilda, sem hvergi hefur bólað á utan vatnasvæðis Tungufljóts í Árnassýslu, stafar ekki af óljósum ákvæðum gildandi laga, heldur af einbeittum vilja fjölmargra aðila til að sniðganga „afar góð lög“ svo vitnað sé í ummæli ýmissa þingmanna fyrir aðeins þremur árum um gildandi lax- og silungsveiðilög. Ekki varð það til að minnka ágreininginn og réttaróvissuna hvernig hinar ýmsu stofnanir framkvæmdavaldsins, svo sem Fiskistofa, Lögreglustjórinn á Selfossi og Ríkisskattstjóri hafa tekið á málum. Sama má segja um Héraðsdóm Suðurlands.

Í þessu sambandi koma einnig upp í hugann nýleg ummæli þingmanns á RÚV þann 24. nóvember síðastliðinn :

„Við erum náttúrlega að glíma við mjög útsmogið fólk, sem er með heilan her af lögfræðingum, eins og við erum að sjá gerast í Argentínu. Við þurfum stöðugt einmitt að vera á vaktinni til dæmis að þessir aðilar séu ekki með puttana í lagasetningu, þegar er verið að vinna til dæmis frumvörp uppi í ráðuneytunum.“

Í athugasemdunum við lagafrumvarpið er sagt:

„Með vísan til framanritaðs hefur við samningu frumvarpsins verið reynt að tryggja að ákvæði um deildir í veiðifélögum í lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, verði skýr og auðveld í framkvæmd og einnig að jafnræði verði milli félagsmanna deilda og almennra félagsmanna í veiðifélögum. Með frumvarpinu hefur einnig verið reynt að tryggja að skýr lagarammi verði um starfsemi veiðifélaga og deilda innan þeirra, þannig að lagastoð sé til að setja reglugerð um starfsemi deilda.“

Hér er talað um að reynt hafi verið að tryggja að ákvæði um deildir verði skýr og auðveld í framkvæmd og að jafnræði verði milli félagsmanna deilda og almennra félagsmanna. Þetta er strax orðið óskýrt. Vart er hægt að skilja þetta öðru vísi en áfram eigi að vera til, annars vegar félagsmenn í deildum og hins vegar almennir félagsmenn í sama veiðifélagi. Verða ekki allir félagsmenn í deildum ef félagið er allt deildarskipt?

Ég get alveg fullyrt það, að verði 2. gr. þessa frumvarps að lögum, er það að fara úr öskunni í eldinn, og mun kalla á endalausar deilur og málaferli.

Það er greinilegt að þeir sem sömdu þessa grein (2. gr.), gera sér enga grein fyrir afleiðingunum verði hún að lögum. Virðast t.d. ekki gera sér grein fyrir að eins og nú er háttað eru sumar jarðir í tveimur eða þremur deildum innan sama veiðifélags.

Hvernig fer þá með jafnan atkvæðisrétt?

Dæmi er um að deildarskiptingin liggja um miðlínu sama straumvatns, þannig að önnur deildin er með eystri bakka árinna en hin með þann vestari.

Annars staðar er deildarskiptingin þvert á straumvatn.

Það virðast bæði eiga að vera arðskrá fyrir veiðifélagið og einnig fyrir hverja deild.

Eða er það kannski ekki svo? Samkvæmt 2. gr. virðast deildir eiga að yfirtaka næstum alla starfsemi veiðifélaga sem kveðið er á í 37. gr. gildandi laga, þar með talið gerð arðskrár. Samkvæmt 40. gr. gildandi laga, um atkvæðisrétt í veiðifélagi geta í sumum tilfellum farið fram atkvæðagreiðslur samkvæmt einingum í arðskrá félagsins. Það bendir til þess að arðskrá veiðifélagsins verði til áfram. Ekkert kemur fram í þessu lagafrumvarpi hvernig eigi að gæta samræmis mill arðskrár félagsins og hinna sjálfstæðu arðskráa deildanna.

Í tilfelli „veiðþjófanna“ eru allar arðseiningar þeirra í gildandi arðskrá Veiðifélags Árnesinga skráðar undir Hvítá, þar sem þeir eiga veiðirétt, en engar arðseiningar í Tungufljótsdeild, þar sem þeir eiga einnig veiðirétt. Ekkert kemur fram í þessu frumvarpi hvernig tekið verði á slíkum dæmum.

Það er of langt mál að rekja hér öll þau tilvik sem upp geta komið.

Þetta mun allt rekast á og valda gífurlegum ruglingi, sem ekkert er tekið á í þessu frumvarpi.

Þetta frumvarp miðar eingöngu að því að reyna að réttlæta allt það ólögmeta athæfi sem viðgengist hefur síðastliðin 10 ár, í stað þess hugsa til framtíðar og sníða af þessa örfáu agnúa, sem eru á gildandi lögum.

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins og einstaka liði hennar:

2. gr.

4. mgr. 39. gr. laganna verður svohljóðandi:

„Í samþykktum má kveða á um að veiðifélag skuli starfa í deildum, enda taki ákvæðið til alls félagssvæðisins og hver deild taki yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Í samþykktum veiðifélagsins skal tilgreina þær deildir sem starfa á félagssvæðinu og umdæmi þeirra. Hver deild skal setja sér samþykktir sem aðalfundur veiðifélags samþykkir og Fiskistofa staðfestir og birtir í Stjórnartíðindum.“

Eins og áður sagði er ekki ljóst af þessari grein hvernig fer með jarðir sem eiga veiðirétt í umdæmi tveggja eða fleiri deilda innan veiðifélags, eða á hvern hátt umdæmi deildar er skilgreint.

Óljóst er hvað verður ef aðalfundur veiðifélags samþykkir ekki samþykktir deildar?
Í 5. mgr. 39. gr. segir: „Atkvæði 2/3 hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þar afl atkvæða.“

Gildir þetta ákvæði þegar til stendur að aðalfundur veiðifélags samþykki samþykktir deilda?

„Um deildir innan veiðifélaga gilda eftirfarandi ákvæði:“

1. „Deild ráðstafar veiði og arði í sínu umdæmi.“
2. „Deild heldur arðskrá og gilda um hana sömu reglur og koma fram í 41. gr.“
3. „Deild setur sér nýtingaráætlanir í samræmi við fyrirmæli laganna..“
4. „Heimilt er deild að setja sér fiskræktaráætlun enda liggja fyrir samþykki veiðifélags.“

Samkvæmt þessu málsliðum virðast nær öll verkefni veiðifélags færast til deildanna. Hvað með sjálfstæðar eignir veiðifélags, sem samkvæmt gildandi lögum tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárhlutfalli? Færast þær yfir á viðkomandi deildir, eftir því hvar þær eru staðsettar, eða verða þær áfram utan deilda. Hverjir munu eiga nýjar eignir sem deildir koma sér upp? Það er ekki nokkur leið að átta sig á þessu.

5. „Ákvarðanir í deildum sem skuldbinda alla félagsmenn skulu bornar upp til samþykktar á aðalfundi veiðifélags. Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um stofnun og starfsemi deilda eftir því sem við á.“

Það er orðið mjög óljóst hvenær er átt við þá sem eru í tiltekinni deild og hvenær er átt við alla í veiðifélaginu.

Þegar talað er um „alla félagsmenn“ í þessum lið er væntanlega átt við alla félagsmenn í veiðifélaginu. Það er sem sagt gert ráð fyrir að einstakar deildir geti skuldbundið alla félagsmenn, og þessir félagsmenn hafi ekkert um það að segja þegar ákvarðanir eru teknar, hvorki með aðild að kosningu til stjórnar deilda né á annan hátt. Þeir eiga að bíða næsta aðalfundar veiðifélagsins til að leggja blessun sína yfir þær ákvarðanir, eða taka þessar ákvarðanir kannski ekki gildi fyrr en eftir aðalfund veiðifélagsins.

Það er væntanlega deildanna sjálfra að ákveða hvenær ákvarðanir þeirra skuldbinda alla félagsmenn og hvenær ekki. Verður það alltaf rétt mat?

Hverjir verða ábyrgir gagnvart þriðja aðila, vegna samninga eða framkvæmda deilda, sem reynast síðan ólögmetir eða valda stórfelldu tjóni. Eru það ekki allir félagsmenn veiðifélagsins? Það er hvergi í lögunum verið að takmarka ábyrgð þeirra.

Það geta allar ákvarðanir deilda skuldbundið alla félagsmenn veiðifélagsins samkvæmt gildandi lögum, þó svo stjórnarmenn deilda geri sér ekki grein fyrir því á þeirri stundu sem ákvarðanir eru teknar.

Svo kemur þetta galopna ákvæði:

„Að öðru leyti gilda ákvæði laga þessara um stofnun og starfsemi deilda eftir því sem við á“

Þetta yrði í fyrsta sinn sem þetta orðalag „stofnun deilda“ kæmi inn í lög um lax- og silungsveiði, ef þetta ákvæði verður að veruleika. Eins og áður hefur komið fram er ekkert til sem heitir að „stofna deild“. Mesta ruglið varðandi deildir í veiðifélögum er til komið vegna þess að ákvæði um að deildarskipta veiðifélagi er blandað saman við ákvæði laganna um stofnun veiðifélags. Ekki batnar það við orðalagið „eftir því sem við á“.

6. *„Með breytingum á samþykktum veiðifélaga má afnema deildarskiptingu veiðifélagsins eða breyta umdæmi starfandi deilda. Nú tekur félagsfundur ákvörðun um að afnema deildarskiptingu veiðifélags og getur þá félagsfundur í deild óskað eftir að stofna veiðifélag á starfsvæði deildarinnar, sbr. 2. mgr. 38. gr. Um fjárhagslegan aðskilnað veiðifélags og deildar fer samkvæmt VII. kafli.“*

Með breytingu á samþykktum veiðifélags má breyta umdæmi deilda. Veiðifélagið getur til dæmis ákveðið að stækka umdæmi tveggja deilda þannig að það nái yfir gildandi umdæmi þriggja deilda þannig að deildin sem var á milli þeirra hverfur. Hvað verður þá um arðskrá þeirrar deildar, ráðstafanir og samninga sem hún hafði gert?

Það er ekki verið að afnema deildarskiptingu veiðifélagsins, þannig að það er ekki hægt að óska eftir að stofna veiðifélag.

Ef veiðifélag ákveður að afnema deildarskiptingu félagsins, þar sem fyrir eru t.d. átta deildir, og félagsmenn á starfssvæðum fjögurra þeirra vilja óska eftir að stofna veiðifélag á sínum svæðum, hvert eiga þeir að beina óskinni? Væntanlega til Fiskistofu, sem samkvæmt 2. mgr. 38. gr. skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu landsvæði. Ef Fiskistofa skyldi nú samþykkja þessar óskir veiðiréttarhafa og þessar fyrrverandi deildir, sem eru kannski ekki samliggjandi, verða að sjálfstæðum veiðifélögum, þá er umdæmi upphaflega veiðifélagsins orðið allt í bútum í sama straumvatni.

Svo er ekkert sem hindrar nýju veiðifélagin í að setja deildarskiptingu í sínar samþykktir o.s.frv., o.s.frv.

Það má velta því fyrir sér hvort grundvöllur fyrir skylduaðild að veiðifélögum sé ekki brostinn, verði þetta rugl að lögum.

7. *„Nú starfar veiðifélag í deildum og er þá heimilt að setja ákvæði í samþykkt veiðifélagsins um að fulltrúar deilda skuli eiga sæti í stjórn þess.“*

Það á sem sagt að vera hægt að afnema stjórnarkjör á aðalfundum veiðifélagsins.

Lokaorð:

„Með lögum skal land vort byggja en með ólögum eyða,“ er haft eftir Njáli Þorgeirssyni í Njáls sögu. Það má til sanns vegar færa að lögin skapa umgjörðina um samfélag okkar og mikilvægt er að hún sé sem einföldust og skýrust og leggi ekki óþarfa hömlur á athafnafrelsi borgaranna. Þótt Alþingi eigi lokaorðið um lagasetningu þá er það staðreynd að stór hluti samþykktra laga á rætur í stjórnarfrumvörpum. Það hvílir því mikil ábyrgð á ráðuneytunum að búa frumvörp sem best úr garði og skapa forsendur fyrir því að löggjöfin verði sem vönduðust.“

Með þessum orðum hefst formáli að

„HANDBÓK UM UNDIRBÚNING OG FRÁGANG LAGAFRUMVARPA“

sem gefin var út í nóvember 2007 af forsætisráðuneytinu og dóms- og kirkjumálaráðuneyti í samstarfi við skrifstofu Alþingis.

Á blaðsíðu 16 er eftirfarandi leiðbeiningar að finna:

7. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðiegar skuldbindingar

Við samningu frumvarpa verður að gæta að því að lög séu í samræmi við stjórnarskrá. Sérstaklega þarf í þessu sambandi að huga að mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Að sama skapi hvílir sú þjóðréttarlega skylda á íslenskum stjórnvöldum að gæta að samræmi laga og alþjóðlegra skuldbindinga.

Í tilefni af þessu frumvarpi er rétt að minna á eftirfarandi lagaákvæði:

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

1944 nr. 33 17. júní

72. gr. Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.

74. gr. Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Lög um mannréttinasáttmála Evrópu

1994 nr. 62 19. maí

1. gr. Mannréttinasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr. Friðhelgi eignarréttar

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennta meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

Það er bjargföst skoðun mín að með samningu þessa frumvarps séu höfundar þess komnir langt út fyrir þann lagaramma sem stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og mannréttindasáttmáli Evrópu leyfir.

Í janúar 2011 var gefin út af Lagastofnun Háskóla Íslands „Álitsgerð um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga“ sem Stefán Már Stefánsson og Eyvindur G. Gunnarsson sömdu og ætti að vera skyldulesning allra þeirra sem um þessi mál fjalla.

Þar segir meðal annars:

V.

Skaðabótaskylda utan samninga.

„Hin beina, ótakmarkaða og solidariska ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum veiðifélags felur ekki einungis í sér að félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum sem félagið stofnar til á grundvelli samninga, heldur getur hún einnig leitt til ábyrgðar sem stofnast getur vegna skaðabótaskyldrar háttsemi utan samninga, hvort heldur athafna eða athafnaleysis, t.d. vegna líkamstjóns vegna ástands fasteignar, háلكu, bleytu o.s.frv. Af þessum sökum er rétt að vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess að félagsmenn í veiðifélögum hugi ávallt vel að því að allar tryggingar vegna rekstrar og fasteigna séu fullnægjandi. Hafi veiðifélag leigt út veiðiréttinn hvílir þessi skylda þó væntanlega þó á leigutaka.“

VI.

Niðurstaða í stuttu máli.

„Félagsmenn bera beina, ótakmarkaða og solidariska ábyrgð á skuldbindingum veiðifélags. Þetta er í samræmi við meginregluna um sérstaka sameign. Sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga. Veiðifélag á því ekki viðkomandi eignir heldur tilheyra þær einstökum félagsmönnum.“

„Markmið lax- og silungsveiðilaga er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra, sbr. 1. gr. laganna. Í því skyni að ná þessum markmiðum hefur löggjafinn skyldað menn til að stofna veiðifélög. Helstu verkefna slíkra félaga er getið í 37. gr., en þau varða einkum veiðistjórnun, veiðiaðferðir fiskrækt, vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra, skiptingu arðs af veiði milli félagsmanna, rétt til stangveiði að gættri sjálfbærri nýtingu. Líta verður svo á að veiðfélagi sé skylt að sinna öllum þessum verkefnum.“

„Í þessu sambandi verður að líta til þess að skylduaðild að veiðifélagi er í eðli sínu undantekning frá meginreglunni um rétt manna til að standa utan félags samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar. Því beri að skýra ákvæði laganna þröngt.“

„Meta verður heimild veiðifélags til að skuldbinda félagsmenn út frá ströngum mælikvarða.“

„Áréttað er að hin beina, ótakmarkaða og solidaríska ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum veiðifélags felur bæði í sér að félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum sem félagið stofnar til á grundvelli samninga og ábyrgðar sem stofnast getur vegna skaðabótaskyldrar háttsemi utan samninga, hvort heldur athafna eða athafnaleysis.“

„Fari félagsstjórn eða félagsfundur út fyrir umboð sitt en ráðstöfun engu að síður bindandi gagnvart þriðja manni, getur félagsmaður, sem telur á sér brotið, sótt endurkröfu / skaðabótakröfu á hendur viðkomandi stjórnarmönnum eða öðrum félagsmönnum sem stóðu að ákvörðun.“

Að lokum er svo tillaga að breytingum á frumvarpinu.

Ég hef verið fulltrúi veiðiréttarhafa á jörð, sem hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum. Ekki hefur náðst samkomulag um hver skuli fara með atkvæðisréttinn. Á öllum fundum innan viðkomandi veiðifélags hafa þessir veiðiréttarhafar verið sviptir atkvæðisrétti með vísan í 2. mgr. 40. gr. laganna. Ég hef miklar efasemdir um lögmæti þess vegna áður nefndra ákvæða stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, og geri ráð fyrir að á þetta verði látið reyna fyrir dómstólum í kjölfar næsta aðalfundar veiðifélagsins. Af því tilefni bætti ég við tillögu að breytingum á lögnum varðandi atkvæðisrétt, sem myndi leysa þetta vandamál.

Tillaga að breytingu á frumvarpi um breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði sem komi í stað 2. gr. frumvarpsins:

2.gr.

1. mgr. 38. gr. verður svohljóðandi:

Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, eða veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

4.mgr. 38. gr. verður svohljóðandi:

Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi félags ná svo langt upp með vatninu sem fiskgengt er.

3.gr.

4. mgr. 39. gr. fellur brott.

4.gr.

a. Í stað orðanna „fylgir eitt atkvæði“ í 1. mgr. 40. gr. laganna kemur: fylgja 1.000 atkvæði.

b. 2.mgr. 40. gr. verður svohljóðandi:

Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn, skal hver eigandi hafa sinn hluta atkvæða í samræmi við eignarhluta sinn. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt í ákveðnum hlutföllum milli eigenda.

c. Í stað orðanna „fylgir eitt atkvæði“ í 3. mgr. 40. gr. laganna kemur: fylgja 1.000 atkvæði.

d. Í stað orðanna „skal eitt atkvæði“ í 4. mgr. 40. gr. laganna kemur: skulu 1.000 atkvæði

3. gr. frumvarpsins verður 5. gr. og 4. gr. verður 6. gr.

Virðingarfyllt,
Gunnar Briem